

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veiðifélag Ytri-Rangár Húsafelli



Dags eftirlits	22.12.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinnur Karlsdóttir
Fyrirtæki	Veiðifélag Ytri-Rangár	Eftirlitsmaður	
Heimili	Bjólu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	691092-2599	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Guðjónsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlit kom fram eitt nýtt frávik er varðar magn seiða í stöðinni en eitt eldra frávik 2018 er enn opið er varðar sama mál.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar fór í vetvangsheimsókn í starfsemi Veiðifélags Ytri Rangár í Húsafelli þann 17. desember sl. Símafundur fór síðan fram 22. þess sama mánaðar.

Dagskrá símafundar:

- Umfang starfseminnar
- Eldri frávik
- Skráningar
- Áhættumat
- Niðurstöður vetfangsheimsóknar

Umfang starfseminnar var á árinu 2020 fram úr heimildum eða um 400 þúsund seiði, í starfsleyfi er heimild fyrir 300 þúsund seiðum sem eru allt að 40 g að stærð. Að sögn rekstraraðila er sveiflukennt hvað er í stöðinni af fiski en hann ætlar sér að sækja um stækkun til að tryggja að hann sé innan marka starfsleyfis. Rekstraraðili var jafnframt fram úr heimildum starfsleyfis við seinasta eftirlit árið 2018.

Þær breytingar sem hafa orðið á rekstrinum frá því í seinasta eftirliti er að unnið er að því að setja upp gagnvirka vöktun á fóðurkerfið en tafir hafa orðið á því vegna kórónaveirufaraldursins.

Allt vatn í stöðinni er sjálfrennandi og því er engin olía á staðnum.

Úrbótaáætlun rekstraraðila sem samþykkt var af stofnuninni 10. maí 2019 og telst öðrum frávikum sem koma fram í henni lokið, þó eftir því að fá niðurstöður mælinga frá 2019 sendar í tölvupósti.

Farið var yfir skráningar og þær virðast vera í góðum farvegi hjá rekstraraðila. Efnanotkun er eftirfarandi: 400 L af formalíni, 400 L af basísku hreingerningarefni fyrir matvælaíðnað, 50 L af klór, 20 kg af Vikron S og 300 ml af svæfingarlyfi. Umbúðum undan spillaeftum er komið í viðeigandi farveg.

Aðili sem hirti dauðfisk frá rekstraraðila færði starfsemi sína og því þurfti að finna nýjan farveg. Í haust fór um 800 kg af dauðfiski í urðun en aðili á Suðurlandi sem býr til minkafóður mun árið 2021 taka dauðfiskinn og mun jafnframt geta tekið við miklu magni frá rekstraraðila ef upp kemur massadauði. Stofnunin þarf að fá staðfestingu um að þessi samningur hafi verið gerður þar sem hann er forsenda gildrar neyðaráætlunar.

Vetvangsheimsókn

Við vetvangsheimsókn var setþró skoðuð en á botni hennar eru set og útfellingar. Yfirfall úr setþró rennur í lækjarfarveg í um 20 m út í Kaldá. Ekkert set né útfellingar eru að sjá í læknum. Tromlusía er á bakka setþróarinnar en hefur ekki verið tekin í notkun. Rekstraraðili telur mögulega ekki þörf fyrir að taka hana í notkun þar sem setþróin hefur hreinsað frárennslið vel. Rekstraraðila fyrirhugar mögulega tvöföldun settjarnar við stöðina til þess m.a. að minnka streymi í þrónni og auka botnfall.

Á lóð rekstraraðila er einungis gámur fyrir almenna úrgang en brettum er safnað þar saman og tekur

söluaðili fóður heil bretti. Brotin bretti, málmar og plast fer rekstraraðili með á gámastöð sveitarfélagsins.

Í vetvangsheimsókn var snyrtilegt um að litast.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 1.3 í starfsleyfi	Skv. starfsleyfi er leyfilegur fjöldi seiða allt að 300 þúsund á ári og stærð þeirra allt að 40 g. Alin eru fleiri en 300 þúsund seiði í stöðinni á árið 2020.

- 1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.01.2021

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir

